

Kæru forráðamenn nemenda á yngsta stigi.

Nú stýttist í skólabyrjun og undirbúningur skólastarfsins er í fullum gangi. Hér koma nokkrar gagnlegar upplýsingar sem eflaust brenna á mörgum í upphafi skólaársins.

Skóladagurinn

Skóladagur nemenda á yngstastigi hefst alla daga kl. 8:15 á morgnana. Skóladegi nemenda lýkur á eftirfarandi tímum:

Nemendur á yngsta stigi (1.-4. bekkur) ljúka skóladegi kl. 13:30

Nemendur á miðstigi (5.-7. bekkur) ljúka skóladegi kl. 13:50

Innkaup

Það er ánægjulegt að segja frá því að Bæjarráð Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 1. ágúst sl. að greiða fyrir námsgögn að upphæð 5000 kr. fyrir hvern nemanda í grunnskólum Garðabæjar skólaárið 2017-2018.

Með námsgögnum er m.a. átt við stílabækur, blýanta, liti, gráðuboga o.fl. til notkunar í skólunum.

Nemendur Sjálandsskóla þurfa að eiga:

- Skólatösku
- Hitabúsa (notað í útikennslu)
- Heyrnartól
- Íþróttaföt og íþróttaskó
- Sundfatnað
- Nemendur þurfa að eiga ritföng heima til að geta sinnt heimanámi

Kynningarfundir nýnema og forráðamanna

Allir nýir nemendur Sjálandsskóla og forráðamenn þeirra eru boðaðir á kynningarfundum en þeir verða haldnir fimmtudaginn 17. ágúst á eftirfarandi tímum:

09:00-10:00	Kynningarfundur fyrir nýja nemendur í 1.- 2.b
10:00-11:00	Kynningarfundur fyrir nýja nemendur í 3.-7.b.
13:00-14:00	Kynningarfundur fyrir nýja nemendur í 8.bekk

Í Sjálalandskóla er hefð fyrir því að skólabyrjun hefjist með foreldra- og nemendaviðtölum þar sem nemendur og forráðamenn þeirra eiga stuttan fund með sínum umsjónarkennara. Fundirnir verða haldnir þriðjudaginn 22. ágúst en kennsla hefst samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 23. ágúst.

Umsjónarkennarar munu hafa samband við forráðamenn á tímabilinu 16. – 18. ágúst og boða í viðtölin. Skóladagatal fyrir skólaárið ásamt hagnýtum upplýsingum má finna á heimasíðu Sjálalandskóla.

Námskeið í heimalestri fyrir foreldra nemenda í 1.bekk

Þann 4. september verður haldið námskeið fyrir foreldra nemenda í 1.bekk. Sérkennari og umsjónarkennarar á yngsta stigi halda námskeiðið en það fjallar um heimalestur og hvernig foreldrar geta sem best stutt við heimalestur barna sinna. Ætlast er til þess að forráðamenn nemenda í 1. bekk mæti á námskeiðið en foreldrar nemenda í 2.- 4. bekk er velkomið að sækja það, óski þeir eftir því. Námskeiðið ber yfirskriftina „Við kennum þið þjálfði.“

Námskynningar verða haldnar á öllum skólastigum vikuna 11.-15. september en umsjónarkennarar munu senda nánari upplýsingar um námskynningu sem snýr að ykkar barni/börnum.

Skólamatur

Hægt er að kaupa mat fyrir nemendur hjá skolamat.is. Forráðamenn velja hvort þeir kaupa einn eða fleiri daga. Síðdegishressing er í boði fyrir nemendur sem eru í tómstundaheimilinu Sælukoti en hún er innifalín í gjaldi fyrir vistun barnsins og útbúin af starfsfólki Sælukots. Hægt er að finna upplýsingar um verð á hádegismat á heimasíðu Garðabæjar. Skráning fer fram eins og áður segir hjá Skólamat en þeir munu senda upplýsingar til foreldra í lok vikunnar. Skólamatur verður í boði frá og með fyrsta skóladegi ársins þ.e. 23.ágúst.

Tómstundaheimilið Sælukot

Skráning fyrir nemendur í 1.-4.bekk í tómstundaheimilið Sælukot fer í fram á íbúavefnum [Minn Garðabær](http://MinnGarðabær). Skóladegi hjá þessum árgöngum lýkur klukkan 13:30 á daginn, eftir það opnar tómstundaheimilið og er opið til klukkan 17:00. Vegna skipulagningar á starfsmannahaldi biðjum við ykkur að skrá börnin sem fyrst. Verðskrá má finna á vefsíðu Garðabæjar.

Frístundabíll

Frístundabíllinn hefur það hlutverk að keyra börn frá tómstundaheimilum grunnskóla í íþrótt- og tómstundastarf. Bíllinn ekur virka daga kl. 14:15-17:30 og fer fram og til baka á hverjum 30 mínútum.

Skráning í frístundabíllinn er á íbúavefnum [Mínum Garðabæ](#) Þar er hægt að kaupa kort, fylla á eldri kort og fá nánari upplýsingar um verð.

Samræmd próf

Nemendur í 4.bekk munu þreyta samræmd próf í íslensku fimmtudaginn 28. september og í stærðfræði 29. september. Nánari upplýsingar munu koma frá umsjónarkennurum þegar nær dregur.

Hlökkum til samstarfsins í vetur.

Með kærri kveðju,

Edda Björg Sigurðardóttir skólastjóri og Sesselja Þóra Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri